

# Orðskýringar

Athugið: Viðkomandi hugtök eru feitletruð í meginmáli bókarinnar.

**Aðildarríki:** Lönd sem eru aðilar að **milliríkjastofnunum** (t.d. Sameinuðu þjóðunum, **Evrópuráðinu**).

**Algildi:** Grunnregla um að sérhver einstaklingur í hverju ríki og öllum samfélögum heims njóti allra mannréttinda.

**Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin** (WHO): **Milliríkjastofnun** á vegum Sameinuðu þjóðanna sem vinnur að því að efla heilbrigði um heim allan.

**Alþjóðasamningurinn um afnám allrar mismununar gagnvart konum** (samþykktur árið 1979; öðlaðist gildi 1981): Fyrsti lagalega bindandi alþjóðasamningurinn sem bannaði mismunun gagnvart konum og gerði stjórnvöldum skylt að grípa til **sértækrar aðgerðar** í því skyni að auka jafnrétti kvenna.

**Alþjóðasamningurinn um afnám alls kynþáttamisréttis** (samþykktur árið 1965; öðlaðist gildi 1969): **Samningur** sem skilgreinir og bannar mismunun vegna kynþáttar.

**Alþjóðasamningurinn um borgaraleg og stjórn málaeg réttindi** (samþykktur árið 1966, og öðlaðist gildi 1976): Í þessum samningi er lögð áhersla á að allir njóti ýmiss konar borgaralegra og pólitískra réttinda og kveðið á um leiðir til að fylgjast með því að aðildarríkin virði þessi réttindi.

**Alþjóðasamningurinn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi** (samþykktur árið 1966, og öðlaðist gildi 1976): Í þessum samningi er lögð áhersla á að allir njóti ýmiss konar efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda.

**Alþjóðavinnuáráttmálstofnunin:** Stofnuð árið 1919 sem hluti af Versalásamningnum, varð ein af sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna árið 1946. Þar sem hlutverk stofnunarinnar er að bæta starfsaðstæður og stuðla að félagslegu réttlæti hefur hún samþykkt ýmsa **milliríkjasamninga** sem lúta að mannréttindum barna, einkum varðandi barnavinnu.

**Annarrar kynslóðar réttindi:** Hugtak sem vísar til efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda, svo sem viðunandi lífskjara, heilbrigðisþjónustu, húsnæðis og menntunar. **Alþjóðasamningurinn um efnahagsleg, félags-**

**leg og menningarleg réttindi kerfisbundur** þessi réttindi almennt. Þar sem hugtakið gefur til kynna að borgaraleg og pólitísk réttindi séu þrepinu hærra í virðingarstigunum en efnahagsleg og félagsleg réttindi er það stöðugt minna notað.

**Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna** (samþykktur árið 1989; öðlaðist gildi 1990): **Samningur** sem kveður á um allt sem lýtur að borgaralegum, menningarlegum, efnahagslegum, félagslegum og pólitískum réttindum barna.

**Evrópuráðið:** Evrópuráðið, sem var stofnað árið 1949, er fyrsta evrópska milliríkjastofnunin. Aðildarríkin, sem nú eru 47 talsins, ná því sem næst yfir allt meginland Evrópu. Það leitast við að móta sameiginleg lög og reglur á lýðræðislegum grunni í anda **Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis**.

**Evrópusamningurinn um menningarmál:** (samþykktur af **Evrópuráðinu** árið 1954; öðlaðist gildi 1955): Svæðisbundinn sáttmáli sem kveður á um hina opinberu stefnu í starfi Evrópuráðsins á sviði menntunar, menningar, menningararfleifðar, æskulýðsmála og íþróttar. Í þessum samningi, sem myndar ákveðna heild með **Mannréttindasáttmála Evrópu**, er leitast við að vernda evrópska menningu og stuðla að gagnkvæmum skilningi og viðurkenningu á menningarlegum fjölbreytileika meðal hinna ýmsu samfélagshópa.

**Evrópusamningurinn um varnir gegn pyðingum:** Svæðisbundinn mannréttindasamningur sem samþykktur var af **Evrópuráðinu** árið 1987 og miðar að því að koma í veg fyrir hvers kyns ofbeldi gegn fólki sem er í umsjón opinberra aðila, svo sem í fangelsum, á unglingaheimilum, lögreglustöðvum, flóttamannabúðum eða geðdeildum.

**Evrópusáttmálinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmáli Evrópu):** Svæðisbundinn mannréttindasamningur sem samþykktur var af **Evrópuráðinu** árið 1950. Öll aðildarríki Evrópuráðsins eru aðilar að þessum sáttmála, og gert er ráð fyrir að ný aðildarríki lög-gildi hann eins fljótt og auðið er.

**Félagsmálasáttmáli Evrópu** (samþykktur af **Evrópuráðinu** árið 1962; endurskoðaður 1996): Svæðisbundinn sáttmáli sem tryggir félagsleg og efnahagsleg mannréttindi;



hann myndar heild með **Mannréttindasáttmála Evrópu** sem fjallar fyrst og fremst um borgaraleg og pólitísk réttindi.

**Formlegt nám:** Vísar til skipulegs náms sem fer fram í grunnskólum og allt upp í háskóla og tekur einnig til sérstakra námsbrauta til starfsmenntunar.

**Frjáls félagasamtök:** Samtök sem fólk utan stjórnsýslunnar stofnar til. Frjáls félagasamtök hafa eftirlit með starfsemi mannréttindastofnana og -samtaka, svo sem Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, og standa vörð um þau mannréttindi sem falla undir valdsvið þeirra. Sum eru stór og alþjóðleg (t.d. Rauði krossinn, Amnesty International, skáta-hreyfingin); önnur geta verið lítil og staðbundin (t.d. samtök sem eru málsvarar fatlaðra í tiltekinni borg; bandalag sem styður réttindi kvenna í einum flóttamannabúðum). Frjáls félagasamtök hafa mikilvæg áhrif á stefnumótun innan Sameinuðu þjóðanna, mörg þeirra eiga ráðgefandi fulltrúa hjá ýmsum stofnunum SP.

**Fullgilding, fullgilda:** Ferli sem á sér stað þegar löggjafarvald ríkis staðfestir þá aðgerð stjórnvalda að undirrita **sáttmála**; formlegir starfshættir þar sem ríki skuldbindur sig til að standa við sáttmála sem hefur verið samþykktur.

**Fyrirvari:** Undantekningar sem aðildarríki gera á **sáttmála** (t.d. ákvæði sem þau samþykkja ekki að fylgja). Fyrirvarar mega þó ekki veikja grundvallartilgang sáttmálans.

**Fyrstu kynslóðar réttindi:** Hugtak sem vísar til allra borgaralegra og pólitískra réttinda, svo sem kosningaréttar, trúfrelsis, funda- og félagafrelsis, réttlátrar málsmeðferðar og réttarins til lífsins. **Alþjóðasamningurinn um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi kerfisbindur** þessi réttindi almennt. Þar sem hugtakið gefur til kynna að borgaraleg og pólitísk réttindi séu þrepinu hærra í virðingarstigunum en **annarrar kynslóðar réttindi**, eða efnahagsleg og félagsleg réttindi, er það stöðugt minna notað.

**Genfarsamningarnir:** Fjórir samningar sem samþykktir voru árið 1949 undir stjórn Alþjóðaráðs Rauða krossins í Genf í Sviss. Þessir samningar byggjast á eldri samningum frá 1864 og 1929. Þeir fjalla um hvernig annast beri sjúka og særða hermenn og sjómenn og hvernig farið skuli með stríðsfanga og almenna borgara sem eru undir stjórn óvinveittra aðila.

**Gildistaka, að öðlast gildi:** Felur í sér að **sáttmáli** verður bindandi í þeim ríkjum sem hafa **fullgilt** hann. Það á sér stað þegar **fullgilding** hefur farið fram í tilteknum fjölda ríkja, samkvæmt ákvæðum sáttmálans.

**Innbyrðis háður:** Vísar til þess að mannréttindalög mynda eina heild. Til dæmis getur fólk aðeins tekið þátt í stjórn lands síns vegna þess að það hefur rétt til að tjá sig, njóta menntunar og allra lífssnaðsynja.

**Jákvæð mismunun:** Sjá **sértæk aðgerð**.

**Kerfisbinding, kerfisbinda:** Ferli sem á sér stað við undirritun samninga sem kveða á um lög eða réttindi.

**Kyngervi:** Félagslegt hugtak sem upplýsir um hlutverk, viðhorf, gildi og tengsl kvenna og karla. Kyn er líffræðilega ákvarðað en kyngervi er félagsleg ákvörðun sem í flestum tilvikum sýnir sig í því að litið sé á konur sem eftirbáta karla.

**Mannréttindaramminn:** Þróunarvettvangur alþjóðlegra samninga sem kveða á um mannréttindi og aðferðir til að efla þau og vernda.

**Mannréttindasamningar:** Öll formleg, rituð skjöl ríkis eða ríkja sem setja fram réttindi sem reglur án skuldbindingar (**yfirlýsing**) eða **kerfisbinda** réttindi sem eru lagalega bindandi í þeim ríkjum sem **fullgilda** þau (**samningur**, sáttmáli eða **milliríkjasamningur**).

**Mannréttindasáttmáli Afríku:** Svæðisbundinn samningur um verndun mannréttinda í Afríku, samþykktur innan Afríkuríkjasambandsins árið 1981.

**Mannréttindasáttmáli Ameríku:** Samningur um verndun mannréttinda, samþykktur af Samtökum Ameríkuríkja árið 1969; nær til Norður-, Mið- og Suður-Ameríku.

**Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna:** Samþykkt af allsherjarþinginu þann 10. desember 1948. Fyrsta skjal SP sem kveður á um mannréttindareglur og staðla. Öll aðildarríkin hafa samþykkt að fara að Mannréttindayfirlýsingunni. Þó að ætlunin hafi verið að yfirlýsingin væri ekki lagalega bindandi hafa ýmis ákvæði hennar í tímans rás hlotið viðurkenningu svo víða að segja má að hún sé nú orðin alþjóðleg réttarvenja.



**Mannúðarlög:** Löggjöf, fyrst og fremst byggð á **Genfar-samningunum**, sem verndar tiltekna einstaklinga á ófrið-artímum, kemur þolendum til hjálpar og setur aðferðum og tækjum til stríðsreksturs mörk í því skyni að lágmarka eyðileggingu, mannfall og mannlega þjáningu.

**Milliríkjasamningur:** Bindandi samkomulag milli ríkja; kallast einnig **sáttmáli** eða **samningur**. Milliríkjasamningur hefur meira vægi en **yfirlýsing** þar sem hann er lagalega bindandi í þeim ríkjum sem hafa **fullgilt** hann. Þegar til dæmis allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkir milliríkjasamning verða til alþjóðlegir staðlar og viðmiðanir. Þegar allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt milliríkjasamning geta **aðildarríkin fullgilt** samninginn, þannig að um þjóðarétt verði að ræða.

**Milliríkjastofnanir:** Stofnanir sem styrktar eru af nokkrum ríkjum sem reyna að sameina krafta sína; sumar eru svæðisbundnar (t.d. **Evrópuráðið** og Afríkuríkjasambandið), stundum er um ríkjabandalag að ræða (t.d. Atlantshafsbandalagið – NATÓ); og sumar eru helgaðar tilteknum mál-efnum (t.d. **Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin** [WHO] og Menningarmálastofnun SÞ [UNESCO]).

**Óafsalanlegur:** Vísar til réttinda sem allir einstaklingar njóta og ekki er hægt að svipta þá undir neinum kringumstæðum.

**Ódeilanlegur:** Vísar til þess að öll mannréttindalög eru jafn mikilvæg. Ekki er hægt að neita einstaklingi um mannréttindi á þeirri forsendu að þau séu „síður mikilvæg“ en önnur eða „skipti ekki máli“.

**Óformlegt nám:** Allt skipulagt nám sem er liður í persónubundinni og félagslegri menntun utan hinnar formlegu skólanámskrár, ætlað til að auka ýmiss konar kunnáttu og bæta hæfni og færni.

**Sameiginleg réttindi:** Réttur samfélagshópa til að vernda hagsmuni sína og auðkenni; stundum kölluð „þriðju kynslóðar réttindi“.

**Samningur:** Bindandi samkomulag milli ríkja; kallast einnig **milliríkjasamningur** eða **sáttmáli**. Helstu alþjóðlegu mannréttindasamningarnir, sem báðir hlutu afgreiðslu árið 1966, eru **Alþjóðasamningurinn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi** og **Alþjóðasamningurinn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi**. Báðir voru samþykktir árið 1966 og öðluðust gildi árið 1976.

**Samningurinn um réttindi fatlaðs fólks** (samþykktur 2006): Fyrsta yfirlýsingin sem staðfestir mannréttindi fólks með hvers kyns fötlun, þar með talið líkamlega og sálfélagslega.

**Sáttmáli:** Formlegt samkomulag milli ríkja þar sem gagnkvæmar skyldur þeirra og hlutverk eru skilgreindar og afmarkaðar; kallast einnig **milliríkjasamningur** eða **samningur**. Þegar **aðildarríki** fullgildir sáttmála sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt, verða greinar viðkomandi sáttmála hluti af lagalegum skyldum ríkisins.

**Sáttmáli um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir þjóðarmorð** (samþykktur árið 1948; öðlaðist gildi 1951): Alþjóðlegur **samningur** sem skilgreinir og bannar **þjóðarmorð**; fyrsti alþjóðlegi **sáttmáli** Sameinuðu þjóðanna.

**Sérlegur skýrslugjafi:** Einstaklingur sem valinn er af einhverri mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna til að leggja fram greinargerð um tiltekinn málaflokk (t.d. mansal á börnum, barnavændi og barnaklám; ofbeldi gegn konum) eða um stöðu mála varðandi mannréttindi í tilteknu landi.

**Sértæk aðgerð:** Aðgerð sem opinber eða einkarekin stofnun grípur til í því skyni að bæta upp fyrir mismunun sem átt hefur sér stað á náms- eða starfsvettvangi.

**„Skóli lífsins“:** Hið ævilanga ferli þar sem hver einstaklingur tileinkar sér viðhorf, gildi, hæfni og þekkingu úr eigin umhverfi og daglegu lífi (t.d. hjá fjölskyldu og vinum, á bókasöfnum, úr viðskiptalífnum og fjölmiðlum, og við leiki og störf).

**Skuggaskýrsla:** Óopinber skýrsla sem gerð er af stofnunum eða einstaklingum sem eru fulltrúar borgaralegra samtaka, og send til nefndar sem hefur eftirlit með því að farið sé að **mannréttindasamningum**. Slíkar skýrslur andmæla yfirlétt eða gera athugasemdir við efni hinnar opinberu skýrslu um hvernig farið sé að samningi og innleiðingu, sem stjórnvöld senda samkvæmt ákvæðum samningsins.

**Staðalmynd:** Mjög einfaldaðar, alhæfðar og oft ómeðvitadár skoðanir á fólki eða hugmyndir sem geta leitt til forðoma og mismununar.

**UNICEF (Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna):** UNICEF starfar í umboði allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og vinnur að því að vernda réttindi barna, stuðla að því að



grunnþarfir þeirra séu uppfylltar og þau fái aukna möguleika á að rækta hæfileika sína sem best. UNICEF hefur **Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna** að leiðarljósi og leitast við að gera hann að almennum siðareglum og alþjóðlegum staðli um hvernig komið skuli fram gagnvart börnum.

**Útlendingahatur:** Ótti við útlendinga, fólk frá öðrum löndum eða almennt það sem er framandi. Útlendingahatur getur leitt til mismununar, kynþáttafordóma, ofbeldis og jafnvel vopnaðra átaka gagnvart útlendingum.

**Valfrjáls bókun um þátttöku barna í vopnuðum átökum:** Breyting, gerð árið 2000, á **Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna** varðandi þátttöku barna í vopnuðum átökum, þar sem lágmarksaldur er hækkaður úr fimmtán árum í átján ár.

**Valfrjáls bókun: Sáttmáli** um breytingu á öðrum sáttmála (t.d. með viðbótarákvæði). Hann er sagður vera „valfrjáls“ því að ríki, sem hefur fullgilt upphaflega sáttmálann, er frjálst hvort það fullgildir breytingarnar sem gerðar eru í bókuninni.

**Vaxandi þroski:** Hugtak sem notað er í **Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna** og kveður á um að réttinda barna sé gætt í samræmi við aukinn vitsmunalegan og tilfinningalegan þroska þeirra.

**Yfirlýsing:** Yfirlýst samkomulag um reglur og viðmið en ekki lagalega bindandi. Á ráðstefnum Sameinuðu þjóðanna, svo sem á mannréttindaráðstefnunni í Vín árið 1993 og kvennaráðstefnunni í Peking árið 1995, eru yfirleitt lagðar fram tvær yfirlýsingar: önnur frá fulltrúum stjórnvalda og hin frá **frjálsu félagasamtökum**. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna gefur oft út yfirlýsingar sem hafa mikil áhrif en eru þó ekki lagalega bindandi.

**Yfirlýsingin um réttindi barnsins:** Var samþykkt af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1959. Þessi ekki bindandi samningur inniheldur tíu grundvallarreglur sem síðar urðu undirstaða **Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna**, sem var samþykktur árið 1989.

**Þjóðarmorð:** Verknaður sem framinn er í því skyni að tortíma, í heild eða að hluta til, tilteknum þjóðarhópi, þjóðernishópi, kynþætti eða trúarhópi.

**Þriðju kynslóðar réttindi:** Sjá **sameiginleg réttindi**.

